

30.4.2012

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/2007*  
*komudagur 30.4.2012*

**Efni: Umsögn Landssambands veiðifélaga (LV) um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál.**

Landssamband veiðifélaga hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál.

LV telur að hér sé um umfangsmikið og mikilvægt mál að ræða og hvetur til þess að fullrar varkárni verði gætt við virkjunarframkvæmdir, þannig að lífríki og aðrir hagsmunir, heldur en orkunýting, bíði sem minnst tjón af þegar fyrirhugaðir virkjunarkostir eru metnir.

Jafnframt minnum við á að í flestum ám landsins eru miklir hagsmunir í húfi varði veiðihlunnindi sem umgangast ber með varúð og virðingu.

LV fer fram á þetta verði haft í huga varðandi virkjunaráform í fallvötnum þar sem fiskistofnar eru og að alltaf liggja fyrir rannsóknir á lífríki og fiskgengd þar sem fyrirhugað er að virkja. Landssambandið leggst eindregið gegn virkjunarframkvæmdum í ám sem skaðað getur nýtingu þeirra fiskistofna sem þar eru fyrir.

Ljóst er að gríðarleg og vaxandi verðmæti liggja í veiðihlunnindum í ám og vötnum og vaxandi eftirspurn er eftir veiði. Við minnum á úttekt Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá 2004 (sjá [angling.is](http://angling.is)) um verðmæti lax- og silungsveiðihlunninda hér á landi. Niðurstaða þeirrar úttektar sýnir að áætla má að verðmæti lax- og silungsveiði nemi nú (framreiknað) um 15 milljörðum króna. Enn eru miklir möguleikar til þess að auka þessi verðmæti. Ljóst er að nýting veiðihlunninda er mikilvæg og arðbær atvinnugrein fyrir þjóðarbúið í heild. Því ber að gæta fyllstu varúðar við öllum framkvæmdum sem áhrif geta haft á veiði í ám og vötnum.

LV bendir á að umgengni við fiskistofna í ám og vötnum hérlendis er með því besta sem þekkist sem þakka má lögbundnu og farsælu skipulagi veiðimála hérlendis, ásamt öflugum rannsóknum og ráðgjafarstarfi Veiðimálastofnunar.

LV fagnar því að við virkjunarframkvæmdir hérlendis hefur þess yfirleitt verið gætt að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif virkjana á lax- og silungsstofna. Virkjun Blöndu er nærtækt dæmi um vel heppnaða framkvæmd sem sýnir að þessi hagsmunir geta farið saman í einstaka tilvikum. Þá má einnig benda á Jöklu í þessu sambandi. Nágrannalönd okkar hafa ekki gætt sömu sjónarmiða í líkum mæli og afleiðingarnar blasa víða við og má vísa til Noregs í því sambandi.

Um 1970 var gerð áætlun um verulega hækkun á stíflu í Laxá í Suður - Þingeyjasýslu gegn vilja landeigenda. Þau virkjunaráform runnu út í sandinn og eru nú minnismarki og viðvörðun um ranga stefnu við beislun vatnsorku á Íslandi.

Landssamband veiðifélaga hvetur til málefnalegrar og ítarlegar umræðu um þá virkjunarkosti sem kunna að vera fyrir hendi og lýsir yfir fullu trausti á okkar ágætu vísindamenn sem starfa á Veiðimálastofnun þar til ráðgjafar.

Virðingarfyllt,  
fh. Landssambands veiðifélaga  
Óðinn Sigþórsson, formaður